

22. febrúar 2010

Túlkun á því hverjar heimildir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða eru til að fjárfesta í kauphallarsjóðum – Exchange Traded Funds (ETFs)

I. Almennt

Undanfarin misseri hafa verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir fjárfest í auknum mæli í svokölluðum kauphallarsjóðum eða Exchange Traded Funds (ETFs). Kauphallarsjóður er sjóður sem fylgir oft eftir ákveðinni vísitölu í fjárfestingum sínum. Kauphallarsjóður gefur út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf. Hann er skráður í kauphöll og hlutdeildarskírteini/hlutabréf hans ganga kaupum og sölum þar. Verð hvers hlutar stjórnast af framboði og eftirspurn á markaði og getur tekið breytingum innan dagsins.

II. Heimild verðbréfasjóðs til að fjárfesta í kauphallarsjóðum

Verðbréfasjóður, í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er sjóður með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu, stofnaður og rekinn af rekstrarfélagi, sem gefur út hlutdeildarskírteini sem eru innleysanleg að kröfu hlutdeildarskírteinishafa. Verðbréfasjóður er sjóður sem uppfyllir skilyrði tilskipunar Evrópusambandsins 85/611/EBE, um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, ásamt síðari breytingum, svokölluð UCITS-tilskipun, og hefur hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

Í II. kafla F í lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, er fjallað um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða. Í 30. gr. laganna er að finna tæmandi talningu á þeim fjármálagerningum og innlánnum sem verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í.

Það er álit Fjármálaeftirlitsins að um heimildir verðbréfasjóðs til að fjárfesta í kauphallarsjóði fari eftir 3. tölul. 30. gr. laganna, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Í 3. tölul. 30. gr. segir að verðbréfasjóði sé heimilt að binda fé sitt í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er honum heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sýni verðbréfasjóður fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að sjóðirnir búi við sambærilegt eftirlit og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd eigenda skírteina sé tryggð með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Með sambærilegu eftirliti er átt við að fjárfestingin lúti eftirliti fjármálaeftirlits. Ekki telst nægilegt að benda á að eignin sé skráð í kauphöll.

Í 10. gr. reglugerðar nr. 792/2003, kemur fram að vernd eigenda hlutdeildarskírteina eða hluta í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. 3. tölul. 30. gr. laga nr. 30/2003, skuli vera sambærileg og í verðbréfasjóðum einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lán, lántökur og skortsölu.

Markmið 3. tölul. 30. gr. laganna, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar, er að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðir fari óbeint út fyrir leyfilegar fjárfestingarheimildir með fjárfestingum í sjóðum sem hafa frjálsgri og þar með áhættumeiri fjárfestingarheimildir.

Uppfylli kauphallarsjóður ofangreind skilyrði 3. tölul. 30. gr. laganna, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar, er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta í sjóðnum, en þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í einstaka kauphallarsjóði, sbr. 1. mgr. 38. gr. laganna.

Uppfylli kauphallarsjóður ekki skilyrði 3. tölul. 30. gr. laganna, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar, er verðbréfasjóði óheimilt að fjárfesta í sjóðnum.

III. Heimild fjárfestingarsjóðs til að fjárfesta í kauphallarsjóðum.

Fjárfestingarsjóður, í skilningi laga nr. 30/2003, er sjóður með starfsleyfi án heimildar til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu og gefur út hlutdeildarskírteini eða hlutabréf. Fjárfestingarsjóður uppfyllir ekki skilyrði UCITS-tilskipunarinnar.

Samkvæmt 52. gr. laganna gilda ákvæði II. kafla F um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða um fjárfestingar fjárfestingarsjóða, sbr. þó hins vegar þær undantekningar sem getið er um í 54. gr. laganna. Í 1. tölul. 54. gr. segir að fjárfestingarsjóði sé heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða án tillits til 3. tölul. 30. gr. laganna.

Fjárfestingarsjóði er því heimilt að fjárfesta í kauphallarsjóði sem uppfyllir ekki skilyrði 3. tölul. 30. gr., sbr. 10. gr. reglugerðarinnar, enda komi það skýrt fram í reglum sjóðsins, sem og útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu að sjóðurinn ætli að nýta sér undanþáguákvæði 1. tölul. 54. gr. Heildarfjárfesting fjárfestingarsjóðs í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum má þó ekki fara yfir 20% af eignum fjárfestingarsjóðs, sbr. 2. málsl. 1. tölul. 54. gr.

IV. Annað

Túlkun þessi fellir úr gildi efni dreifibréfs Fjármálaeftirlitsins, dags. 3. nóvember 2009, sem sent var til allra rekstrarfélaga verðbréfasjóða.